

Skýrr hf.

**Árshlutareikningur samstæðunnar
30. júní 2003**

Skýrr hf.
Ármúla 2
108 Reykjavík

Kt. 590269-7199

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

ón/sp

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Skýrr hf. og dótturfélags þess Teymis ehf. Reikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á undanförunum árum að öðru leyti en því að hætt er að verðleiðrétta reikningsskilin. Eignir eru ekki lengur endurmetnar og ekki eru lengur færðar reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga í rekstrarreikning félagsins. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferð og á fyrra ári hefði hagnaður tímabilsins orðið 5 millj. kr. hærrí og eigið fé félagsins 11 millj. kr. hærra. Þessi breyting er gerð í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 1.183 millj. kr. á tímabilinu. Hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu nam 67 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 1.577 millj. kr. Eigið fé þann 30. júní 2003 nam 475 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall samstæðunnar 30,1%.

Þann 30. júní áttu Opin kerfi Group hf. 50,4% hlutafjár í Skýrr hf. og telst það því dótturfélag þess. Árshlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi Opinna kerfa Group hf. Þann 30. júlí keyptu Opin Kerfi Group hf. 24,1% hlut í Skýrr hf. til viðbótar þeim 50,4% sem þeir áttu fyrir. Hlutur Opinna Kerfa er því 74,5% eftir viðskiptin.

Stjórn og forstjóri Skýrr hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. ágúst 2003.

Stjórn:

Frosti Bergsson

Ragnar Marteinnsson

Jón Sigurðsson

Gunnlaugur Guðjónsson

Forstjóri:

Hreinn Jakobsson

Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar Skýrr hf.

Við höfum kannað árshlutareikning Skýrr hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2003. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Skýrr hf. og dótturfélags þess Teymis ehf. Hann greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 23. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Könnun okkar fól í sér fyrirspurnir til starfsmanna félagsins og greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag í lok þess og breytingu á handbæru fé í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 8. ágúst 2003.

Ólafur Nilsson

Bogi Nils Bogason

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2003

Skýr.	Annar ársfjórðungur 1. apríl – 30. júní		Fyrri árshelmingur 1. janúar til 30. júní		
	2003	2002	2003	2002	
Rekstrartekjur:					
Sala á vörum og þjónustu	3	542.227	445.989	1.182.828	922.554
Rekstrargjöld:					
Vél- og hugbúnaðarkostnaður		111.013	125.835	305.157	283.332
Laun og launatengd gjöld		272.308	225.699	564.056	452.559
Annar rekstrarkostnaður		41.543	30.090	105.637	58.710
Afskriftir	6,15	41.350	30.405	81.996	58.776
		<u>466.214</u>	<u>412.029</u>	<u>1.056.846</u>	<u>853.377</u>
Rekstrarhagnaður		76.013	33.960	125.982	69.177
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	13	(8.307)	4.933	(12.678)	7.731
Sérstök niðurfærsla hlutabréfaeignar.....	18	(15.177)	(13.014)	(32.254)	(65.991)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	7,17	(658)	(238)	(368)	(455)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		51.871	25.641	80.682	10.462
Tekjuskattur	10,21	(9.348)	(5.101)	(13.674)	(2.446)
Hagnaður tímabilsins	20	<u>42.523</u>	<u>20.540</u>	<u>67.008</u>	<u>8.016</u>
Hagnaðarhlutur:					
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	4	0,16	0,08	0,25	0,03

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30.6. 2003	31.12. 2002
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:			
Viðskiptavild	5,14	<u>0</u>	<u>43.562</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign		319.248	320.324
Vél- og hugbúnaður		430.561	448.551
Aðrir rekstrarfjármunir		<u>36.581</u>	<u>39.225</u>
	6,15	<u>786.390</u>	<u>808.100</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	7,17	72.357	38.616
Eignarhlutir í öðrum félögum	7,18	168.644	200.898
Langtímakröfur		<u>2.028</u>	<u>4.725</u>
		<u>243.029</u>	<u>244.239</u>
	Fastafjármunir	<u>1.029.419</u>	<u>1.095.901</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	8	270.838	220.629
Næsta árs afborgun langtímakrafna		1.521	1.852
Aðrar skammtímakröfur		79.474	41.632
Fyrirframgreiddur kostnaður		0	14.033
Skammtímaverðbréf		5.000	5.543
Handbært fé		<u>191.120</u>	<u>3.391</u>
	Veltufjármunir	<u>547.953</u>	<u>287.080</u>
	Eignir samtals	<u><u>1.577.372</u></u>	<u><u>1.382.981</u></u>

30. júní 2003

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	30.6. 2003	31.12. 2002
Eigið fé:			
Hlutafé		263.361	263.154
Lögbundinn varasjóður		51.639	48.413
Óráðstafað eigið fé		159.550	95.892
	Eigið fé 20	<u>474.550</u>	<u>407.459</u>
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	10,21	<u>1.233</u>	<u>10.839</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán		294.772	295.908
Skuldir við lánastofnanir		117.176	142.616
	22	<u>411.948</u>	<u>438.524</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		461	32.458
Viðskiptaskuldir		105.254	89.798
Skuld við móðurfélag		3.227	13.186
Næsta árs afborganir langtímaskulda	22	59.994	60.925
Skattar tímabilsins.....		23.280	0
Aðrar skammtímaskuldir		376.890	208.623
Fyrirframinnheimtar tekjur.....		120.535	121.169
		<u>689.641</u>	<u>526.159</u>
	Skuldir samtals	<u>1.102.822</u>	<u>975.522</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>1.577.372</u></u>	<u><u>1.382.981</u></u>

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar 19

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2003

	Skýr.	2003 1.1.-30.6.	2002 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður tímabilsins	20	67.008	8.016
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	81.996	58.776
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		32.254	65.991
Áhrif hlutdeildarfélagi		368	455
Tekjuskattur		(9.599)	(7.153)
Aðrir liðir.....		1.713	(18.466)
		<u>173.740</u>	<u>107.619</u>
	Veltufé frá rekstri		
		173.740	107.619
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>122.385</u>	<u>108.469</u>
	Handbært fé frá rekstri		
		<u>296.125</u>	<u>216.088</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(61.358)	(127.228)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		6.440	0
Fjárfesting í eignarhlut í hlutdeildarfélagi		(87)	0
Arður af hlutdeildarfélagum.....		4.700	0
Skammtímaverðbréf, breyting		3.570	(12.784)
	Fjárfestingarhreyfingar	<u>(46.735)</u>	<u>(140.012)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Seld og keypt eigin hlutabréf		83	(3.455)
Afborganir langtímalána		(29.747)	(26.638)
Skammtímalán, lækkun		(31.997)	0
	Fjármögnunarhreyfingar	<u>(61.661)</u>	<u>(30.093)</u>
Hækkun á handbæru fé		187.729	45.983
Handbært fé í ársbyrjun		3.391	13.755
Handbært fé í lok tímabilsins		191.120	59.738
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Fjárfesting í eignarhlut í hlutdeildarfélagi		(38.810)	0
Seld viðskiptavild		38.810	0

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árs hlutareikningur Skýrr hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess Teymi ehf. Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því sem fram kemur í skýringu 11 um breytingar á reikningsskilaaðferðum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Árs hlutareikningur dótturfélags er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yferráð hefjast og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð dótturfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir dótturfélagið eða fjármagnað það.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarféлага frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Þann 30. júní áttu Opín kerfi Group hf. 50,4% hlutfjár í Skýrr hf. og telst það því dótturfélag þess. Árs hlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi Opínna kerfa Group hf.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í júnílok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Gengismunur og vextir á höfuðstól eigna og skulda eru færðir í árs hlutareikninginn.

Seldar vörur og þjónusta

3. Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af seldri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

Hagnaðarhlutur

4. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutfjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutfjár. Hagnaður á tímabilinu nemur 67 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutfjár var 263 millj. kr.

Óefnislegar eignir

5. Eignfærð viðskiptavild myndaðist vegna samruna Teymis hf. við Netverslun Íslands hf. Á tímabilinu var viðskiptavildin seld inn í nýtt félag, Rafrænt markaðstorg hf., og á samstæðan 35% eignarhlut í félaginu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	25 ár
Vél- og hugbúnaður	3 – 8 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 ár

Áhættufjármunir

7. Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þess við kaup.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í öðrum félögum, sem skráð eru á hlutabréfamarkaði, eru færðir til eignar á síðasta viðskiptaverði tímabilsins. Breytingar á markaðsverði eru færðar í rekstrarreikning. Eignarhlutir í félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðryrnunar.

Viðskiptakröfur

8. Viðskiptakröfur eru færðar niður í árshlutareikningnum til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Kaupréttarsamningar

9. Kaupréttarsamningar gera starfsmönnum félagsins kleift að eignast hlutabréf í því. Kaupverð jafngildir markaðsverði hlutabréfanna á samningsdegi. Ekkert hefur verið fært í árshlutareikning félagsins vegna þessa þar sem kaupréttargengi er hærra en markaðsgengi bréfanna í júnílok.

Tekjuskattsskuldbinding

10. Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í árshlutareikningi.

Breyting á reikningsskilaaðferðum

Niðurfelling verðleiðréttra reikningsskila

11. Í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001 hefur félagið hætt að verðleiðrétta reikningsskilin. Ekki eru lengur færð áhrif verðlagsbreytinga í rekstrarreikning félagsins. Eignir sem áður voru endurmetnar miðað við breytingu á neysluverðsvísitölu eru nú færðar á kostnaðarverði í bókhaldi félagsins. Áhrif þessa á rekstrarreikning eru þau að niðurstaða rekstrarins er ekki á meðalverðlagi tímabilsins og framangreindar eignir eru ekki færðar á verðlagi í lok tímabilsins eins og áður var. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári hefði hagnaður tímabilsins orðið 5 millj. kr. hærri. Eigið fé í lok júní er 11 millj. kr. lægra en verið hefði miðað við óbreyttar aðferðir.

Í samræmi við alþjóðlegar reglur um breytingar úr verðleiðréttum reikningsskilum í óverðleiðréttt er samanburðarfjárhæðum í reikningnum ekki breytt.

Ársfjórðungayfirlit

12. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	2. árs- fjórðungur 2003	1. árs- fjórðungur 2003	4. árs- fjórðungur 2002	3. árs- fjórðungur 2002	2. árs- fjórðungur 2002
Rekstrartekjur	542.227	640.601	470.135	565.804	445.989
Rekstrargjöld án afskrifta	(424.864)	(549.986)	(413.110)	(482.096)	(381.624)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBIDTA)	117.363	90.615	57.025	83.708	64.365
Afskriftir	(41.350)	(40.646)	(39.263)	(36.714)	(30.405)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	76.013	49.969	17.762	46.994	33.960
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(8.307)	(4.371)	(1.118)	(2.648)	(4.933)
Niðurfærsla hlutabréfaeignar	(15.177)	(17.077)	(38.127)	(35.941)	(13.014)
Áhrif hlutdeildarféлага	(658)	290	(8.374)	(46.948)	(238)
Tekjuskattur	(9.348)	(4.326)	6.186	(660)	(5.101)
Hagnaður (tap)	42.523	24.485	(23.671)	(39.203)	20.540

Dótturfélagið Teymi ehf. varð hluti af samstæðunni á þriðja ársfjórðungi 2002.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2003 1.1.-30.6.	2002 1.1.-30.6.
Vaxtatekjur	4.364	5.258
Tekjur af eignarhlutum í öðrum félögum	271	7
Vaxtagjöld	(18.807)	(21.288)
Gengismunur	1.494	18.533
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	0	5.221
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(12.678)	7.731

Skýringar, frh.:

Óefnislegar eignir

14. Viðskiptavild greinist þannig:

Viðskiptavild 1.1.2003	43.562
Seld viðskiptavild	(38.722)
Gjaldfært á tímabilinu	(4.840)
Viðskiptavild 30.6.2003	<u>0</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

15. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Samstæða	Fasteignir	Vél- og hug- búnaður	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð 1.1.2003	360.590	907.466	134.058	1.402.114
Afskrifað áður	(40.266)	(458.915)	(94.833)	(594.014)
Bókfært verð 1.1.2003	320.324	448.551	39.225	808.100
Viðbót á tímabilinu	6.207	48.431	6.720	61.358
Selt á tímabilinu	0	(146)	(5.766)	(5.912)
Afskrifað á tímabilinu	(7.283)	(66.275)	(3.598)	(77.156)
Bókfært verð 30.6.2003	<u>319.248</u>	<u>430.561</u>	<u>36.581</u>	<u>786.390</u>
Heildarverð 30.6.2003	366.797	955.751	135.012	1.457.560
Afskrifað samtals 30.6.2003	(47.549)	(525.190)	(98.431)	(671.170)
Bókfært verð 30.6.2003	<u>319.248</u>	<u>430.561</u>	<u>36.581</u>	<u>786.390</u>
Afskriftahlutföll	4%	12-33%	20%	

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	77.156
Niðurfærsla óefnislegra eigna, sbr. skýringu 14	<u>4.840</u>
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi	<u>81.996</u>

Áhættufjármunir

Eignarhlutur í dótturfélagi

16. Eignarhlutur í dótturfélagi greinist þannig:

	Nafnverð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Teymi ehf., Reykjavík	10.000	100,0%	(<u>40.547</u>)

Skýringar, frh.:

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

17. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	Nafnverð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Rafrænt markaðstorg hf., Reykjavík	22.950	35,0%	38.810
Rhea ehf., Reykjavík	2.560	23,6%	5.589
Samsýn ehf., Reykjavík	1.175	47,0%	23.193
Skrín ehf., Akureyri	18.000	25,4%	4.765
			<u>72.357</u>

Að auki á félagið eignarhluti í fimm hlutdeildarfélögum þar sem eignarhlutir hafa verið færðir niður að fullu.

Eignarhlutir í öðrum félögum

18. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:	Nafnverð/ hlutir*	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhlutir í skráðum félögum:			
Columbus IT Partner A/S, Danmörku	330.704*	4,1%	13.609
deCode Genetics, Inc., Bandaríkjunum	33.000*	0,1%	7.954
Eignarhlutir í skráðum félögum samtals			<u>21.563</u>
Eignarhlutir í óskráðum félögum:			
Element ehf., Sauðárkróki	5.800	11,7%	17.000
Lína.Net hf., Reykjavík	33.900	6,3%	67.800
Mens Mentis hf., Kópavogi	7.086	16,7%	23.238
Rafræn miðlun ehf., Reykjavík	1.890	7,6%	33.263
Smartkort ehf., Reykjavík	2.807	6,2%	4.820
Önnur félög			<u>960</u>
Eignarhlutir í óskráðum félögum samtals			<u>147.081</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals			<u>168.644</u>

Hlutabréf félagsins í Columbus IT Partner A/S og deCode Genetics, Inc. eru færð á markaðsverði í lok júní. Á tímabilinu eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi 32 millj. kr. vegna breytinga á matsverði hlutabréfa.

Veðsetningar

19. Félagið er í ábyrgðum að fjárhæð 48 millj. kr. fyrir dótturfélag sitt vegna lána.

Skýringar, frh.:

Eigið fé

20. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2002	263.154	58.718	48.413	37.174	407.459
Upplausn endurmats		(58.718)		58.718	
Eigið fé 31.12.2002, leiðrétt.....	263.154	0	48.413	95.892	407.459
Eigin hlutabréf, breyting	207		(124)		83
Hagnaður tímabilsins				67.008	67.008
Lagt í lögbundinn varasjóð			3.350	(3.350)	
Eigið fé 30.6.2003	263.361	0	51.639	159.550	474.550

Tekjuskattskuldbinding

21. Tekjuskattskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun 2003	10.839
Reiknaður tekjuskattur	13.674
Tekjuskattur til greiðslu	(23.280)
Tekjuskattskuldbinding 30.6.2003	1.233

Tekjuskattskuldbinding félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	74.112
Eignarhlutir í félögum	(71.879)
Aðrir efnahagsliðir	(1.000)
Tekjuskattskuldbinding 30.6.2003	1.233

Langtímaskuldir

22. Yfirlit um langtímaskuldir:

Verðtryggðar skuldir í íslenskum krónum	305.300
Óverðtryggðar skuldir í íslenskum krónum	24.750
	330.050
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í EUR	66.280
Skuldir í USD	34.813
Skuldir í GBP	17.495
Skuldir í JPY	12.100
Skuldir í CHF	11.204
	141.892

Skýringar, frh.:

22. Frh.:

Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	471.942
Næsta árs afborgun	(59.994)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>411.948</u>
Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:	
Á tímabilinu 1.7.2003 – 30.6.2004	59.994
Á tímabilinu 1.7.2004 – 30.6.2005	60.644
Á tímabilinu 1.7.2005 – 30.6.2006	61.333
Á tímabilinu 1.7.2006 – 30.6.2007	61.333
Á tímabilinu 1.7.2007 – 30.6.2008	20.891
Síðar	<u>207.747</u>
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>471.942</u>

Kennitölur

23. Kennitölur:

	2003 30.6.	2002 31.12.
Veltufjárhlutfall	0,79	0,55
Eiginfjárhlutfall	30,1%	29,5%
	2003 1.1.-30.6.	2002 1.1.-30.6.
Arðsemi eigin fjár	32,9%	3,9%